

Ed.

186. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um beitutekju.

Þegar lög nr. 60 frá 10. nóv. 1905 voru samin, var sú aðferð tíðust við beitutekju, að gangspil voru notuð á landi við beitutekjuna, er um kúskeljatekju var að ræða. Síðan hefir sú aðferð orðið tíðari að taka þessa beitu algerlega á floti með spili eða vindu í beitutekjubátunum sjálfum. Þessi aðferð hefir gjört landeigendum örðugra fyrir um að gæta þess, að netlagarjettur þeirra sje ekki brotinn, með því líka sumstaðar hagar svo til, að ekki sjest frá heimilum landeiganda til beitutekjumanna, og geta þeir því bæði komið og farið án vitundar landeigenda og tekið beituna í netlögum þeirra. Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefir háttv. neðri deild tekið upp í frumvarp þetta allströng sektarákvæði, sem engin eru í beitutekjulögnum, og getur nefndin fallist á þær tillögur hennar. Þó þykir nefndinni rjettara að ákveða lágmark sektanna og vill því ráða háttv. deild til að samþykja eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarpið:

1. Við 2. gr. Fyrir »alt að« í síðari málsgrein komi:
10 til
2. Við 3. gr. Fyrir »alt að« komi:
20 til

Alþingi 23. júlí 1914.

Björn Þorláksson,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögumaður.

Magnús Pjetursson.